

149. fundur

Fundur var haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar mánudaginn 14. maí 2012, kl. 20:00, á 3. hæð ráðhússins, Hafnargötu 3.

Mætt voru: Hermundur Pálsson, Hinrik Hjartarson, Lára Gunnarsdóttir, Ásgeir Gunnar Jónsson, Katrín Gísladóttir. Auk þess sat fundinn og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá.

1. Ægisgata 1, lóðarmál.
Lögð fram hnitsett tillaga að stærð lóðar við Ægisgötu 1, samkvæmt beiðni lóðarhafa. Einnig lögð fram bréf dagsett 11.05.2012 frá Rakel Olsen Ægisgötu 3 þar sem hún m.a. býðst til að kaupa húsið og láta gera það upp til varðveislu. Ólokið er við útmælingu á aðliggjandi lóðum við Austurgötu 12 og Ægigötu 3.
2. Deiliskipulag reitur B við Frúarstíg. Breyting á deiliskipulagi.
Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu á deiliskipulagi samkvæmt 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Nefndin leggur til að tillagan verði grenndarkynnt fyrir eigendum húsa við Skólastíg nr. 1,4,5,6 og 8.

Hinrik vék af fundi við lið nr.3.
3. Silfurgata 32, breyting á útliti.
Hinrik Hjartarson sækir um að skipta út gluggum og breyta þar með stærð opnanlegum fögum, sbr. erindi mótt. 9.05.2012.
Erindi samþykkt.
4. Borgarflöt 1, geymsluskúr.
Helga Aðalsteinsdóttir óskar eftir að byggja 5 m² geymsluskúr upp við gafl á bílskúr við Borgarflöt nr. 1, sbr. erindi dags. 14.05.2012.
Erindi samþykkt.

Fundi slitið kl. 21:50.

B.V.

